

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs

Ársreikningur 2025

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3 - 4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar og sundurliðanir	9 - 13

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands nr. 1270/2021. Starfssvæði embættisins eru 14 sveitarfélög á Suðurlandi.

Starfsemin á árinu

Rekstrarafkoma eftirlitsins var jákvæð um 6 m.kr. til samanburður við jákvæða afkomu á árinu 2024 upp á 1,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 82,1 m.kr. í lok ársins.

Fjöldi ársverka voru tæplega 9 á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði og verið hefur.

Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu félagsins á reikningsskiladegi.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Eignaraðild

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á Suðurlandi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2025 með áritun sinni. Ársreikningurinn er undirritaður rafrænt og eru undirritanir stjórnar og framkvæmdastjóra aftast í ársreikningnum.

Selfossi, 24. mars 2026

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Guðrún S. Magnúsdóttir

Formaður stjórnar

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Páll Tómasson

Varaformaður stjórnar

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Kjartan Þ. Ólafsson

Meðstjórnandi

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Örn Friðriksson

Meðstjórnandi

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Fjóla St. Kristinsdóttir

Meðstjórnandi

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Oddur Árnason

Meðstjórnandi

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Sigrún Guðmundsdóttir

Framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2025, að undanskilinni skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu eftirlitsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
 - Rekstrarreikning ársins 2025.
 - Efnahagsreikning 31. desember 2025.
 - Sjóðstreymi ársins 2025.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð Heilbrigðiseftirliti Suðurlands samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi eftirlitsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum eftirlitsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning eftirlitsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa eftirlitið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi eftirlitsins. Stjórnendum eftirlitsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits eftirlitsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eftirlitsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að eftirlitið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 24. mars 2026

PricewaterhouseCoopers ehf.

Rafræn undirritun á öftustu síðu

Ólafur Gestsson

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýringar	2025	Áætlun 2025	2024
Rekstrartekjur				
Eftirlitsgjöld og leyfi	3	158.830.954	153.356.138	140.768.184
Framlög sveitarfélaga til rekstrar	3	55.327.017	46.555.660	44.981.314
Söluhagnaður		0	0	1.559.999
Tekjur vegna IceWater verkefnisins		5.016.972	0	0
		<u>219.174.943</u>	<u>199.911.798</u>	<u>187.309.497</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	4	146.515.492	144.892.706	138.623.884
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	10	15.673.304	12.000.000	7.942.589
Stjórnar- og nefndarlaun		3.706.900	3.855.092	2.914.687
Húsnæðiskostnaður		5.246.484	5.004.992	5.092.119
Rekstur bifreiða		3.223.711	3.753.103	3.421.727
Kostnaður vegna Icewater verkefnisins		5.016.972	0	0
Annar kostnaður		30.352.227	27.016.951	26.538.072
Afskriftir	6	4.831.205	2.600.000	4.082.157
		<u>214.566.295</u>	<u>199.122.844</u>	<u>188.615.235</u>
Rekstrarhagnaður (tap)		4.608.648	788.954	(1.305.738)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur	5	3.132.738	0	4.128.680
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(1.730.673)	0	(1.572.443)
		<u>1.402.065</u>	<u>0</u>	<u>2.556.237</u>
Hagnaður ársins		<u><u>6.010.713</u></u>	<u><u>788.954</u></u>	<u><u>1.250.499</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýringar	2025	2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Bifreiðar		19.773.383	24.271.522
Tæki og búnaður		1.165.205	1.498.271
		<u>20.938.588</u>	<u>25.769.793</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	7	3.916.682	6.268.686
Icewater, fyrirframgreiddur kostnaður		7.803.536	0
Aðrar skammtímakröfur		3.445.798	2.351.902
Handbært fé	8	12.035.463	10.334.189
		<u>27.201.479</u>	<u>18.954.777</u>
Eignir samtals		<u>48.140.067</u>	<u>44.724.570</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýringar	2025	2024
Eigið fé			
Annað eigið fé	9	(82.108.043)	(88.118.756)
Skuldir og skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding			
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	10	121.189.168	114.197.563
Skammtímaskuldir:			
Skuld við lánastofnanir	8	0	5.402.124
Viðskiptaskuldir	11	2.494.290	7.635.381
Ógreidd launatengd gjöld		6.564.652	5.608.258
		<u>9.058.942</u>	<u>18.645.763</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		130.248.110	132.843.326
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>48.140.067</u></u>	<u><u>44.724.570</u></u>
Aðrar upplýsingar	12		

Sjóðstreymi ársins 2025

	Skýringar	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		6.010.713	1.250.499
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	4.831.205	4.082.157
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	10	15.673.304	7.942.589
Söluhagnaður		0	(1.559.999)
		<u>26.515.222</u>	<u>11.715.246</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(6.545.428)	(2.066.595)
Breytingar rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(4.184.697)	2.882.899
Greidd lífeyrisskuldbinding	10	(8.681.699)	(7.688.541)
		<u>(19.411.824)</u>	<u>(6.872.237)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>7.103.398</u>	<u>4.843.009</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	2.690.000
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	(14.083.167)
		<u>0</u>	<u>(11.393.167)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(5.402.124)	5.402.124
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		1.701.274	(1.148.034)
Handbært fé í byrjun ársins		10.334.189	11.482.223
Handbært fé í árslok	8	<u>12.035.463</u>	<u>10.334.189</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er byggðasamlag sveitarfélaga sem starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

Eftirlitið er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Austurvegi 65, 800 Selfossi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Innlausn tekna

Framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:	2025	2024
Laun	127.826.953	111.955.786
Lífeyrissjóðsgjöld	16.980.507	15.297.121
Önnur launatengd gjöld	13.405.386	11.370.977
Laun og launatengd gjöld IceWater	(11.697.354)	0
	<u>146.515.492</u>	<u>138.623.884</u>

Á árunum 2025 voru stöðugildi 8,8 en þau voru 8 á árinu 2024.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreiðar	Tæki og búnaður	Samtals
Árslok 2024:			
Bókfært verð í ársbyrjun	15.177.787	1.720.997	16.898.784
Keypt á árinu	13.480.000	603.167	14.083.167
Selt á árinu	(1.130.001)	0	(1.130.001)
Afskriftir	(3.256.264)	(825.893)	(4.082.157)
Bókfært verð í árslok	24.271.522	1.498.271	25.769.793
Bókfært verð í árslok 2024 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	29.987.591	7.498.357	37.485.948
Afskrifað samtals	(5.716.069)	(6.000.086)	(11.716.155)
Bókfært verð í árslok	24.271.522	1.498.271	25.769.793
Árslok 2025:			
Bókfært verð í ársbyrjun	24.271.522	1.498.271	25.769.793
Afskriftir	(4.498.139)	(333.066)	(4.831.205)
Bókfært verð í árslok	19.773.383	1.165.205	20.938.588
Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	29.987.591	2.925.058	32.912.649
Afskrifað samtals	(10.214.208)	(1.759.853)	(11.974.061)
Bókfært verð í árslok	19.773.383	1.165.205	20.938.588

Bifreiðar, tæki og búnaður eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

Bifreiðar	6,5 ár
Tæki og búnaður	5 ár

Bifreiðar eftirlitsnefndarinnar eru vátryggðar og miðast vátryggingaverðmæti við markaðsverð þeirra hverju sinni. Áhöld og tæki eru ekki vátryggð.

Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

7. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Viðskiptakröfur greinast þannig:	2025	2024
Viðskiptakröfur	4.122.823	6.791.700
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(206.141)	(523.014)
	<u>3.916.682</u>	<u>6.268.686</u>

8. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum. Yfirdættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

9. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Annað eigið fé
Hreyfingar 2024:	
Staða í ársbyrjun	(89.369.255)
Hagnaður ársins	<u>1.250.499</u>
Staða í árslok	(88.118.756)
Hreyfingar 2025:	
Staða í ársbyrjun	(88.118.756)
Hagnaður ársins	<u>6.010.713</u>
Staða í árslok	(82.108.043)

10. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingastærðfræðilegrar úttektar í árslok 2025. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2025, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs er áætlaður 82,8%. Útreikningar taka mið af við spá FÍT um lækkað dánartíðni. Jafnframt er endurreiknaður hlutur ábyrgðaraðila lífeyrisskuldbindinganna útfrá lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 33. gr. en þar kemur fram að launagreiðendur skuli greiða allar hækkningar sem verða á lífeyrisgreiðslum frá því að taka lífeyris hefst.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

	2025	2024
Lífeyrisskuldbinding 1/1	114.197.563	113.943.515
Afborgun á árinu	(8.681.699)	(7.688.541)
Breyting á árinu	<u>15.673.304</u>	<u>7.942.589</u>
	<u>121.189.168</u>	<u>114.197.563</u>

Áætluð greiðsla á árinu 2026 nemur 8,95 m.kr.

Skýringar

11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

12. Aðrar upplýsingar

Fyrirframgreiddur kostnaður - IceWater verkefnið

Ísland tekur þátt í LIFE-áætlun Evrópusambandsins, samkeppnissjóði ESB sem hefur fjármagnað verkefni á sviði loftslags- og umhverfismála frá árinu 1992. Umhverfisstofnun sótti um styrk til LIFE fyrir innleiðingu vatnaáætlunar árið 2023 og var styrkurinn samþykktur í lok árs 2024 og verkefnið kallað IceWater.

Á árinu 2025 tók Heilbrigðiseftirlitið að sér utanumhald á þeim hluta IceWater verkefnisins sem snýr að innleiðingu vatnaáætlunar fyrir Þingvallarvatn. Sveitarfélögin Grímsnes- og Grafninshreppur og Bláskógabyggð eru skuldbundin til þess að greiða fyrir þetta verkefni ásamt því að fengin var styrkur frá ESB fyrir 60% af heildarkostnaði. Sá styrkur er greiddur í þremur áföngum og er allur kostnaður sem fellur til færður sem fyrirframgreiddur kostnaður á móti styrknum og mismunur innheimtur af viðkomandi tveimur sveitarfélögum.

Heilbrigðiseftirlitið ber því engan kostnað af verkefninu heldur annast einungis utanumhald á kostnaði. Þetta hefur því ekki nein áhrif á rekstur félagsins.

Sundurliðanir

	2025	2024
Rekstrartekjur:		
Eftirlitsgjöld og leyfi		
Eftirlitsgjöld	131.181.197	128.786.258
Leyfi og vottorð	14.370.811	2.997.415
Rannsóknir	13.278.946	8.984.511
	<u>158.830.954</u>	<u>140.768.184</u>
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld		
Vinnulaun	127.826.953	111.955.786
Lífeyrissjóðsgjöld	16.980.507	15.297.121
Önnur launatengd gjöld	13.283.410	11.311.093
Dagpeningar	121.976	59.884
Laun og launatengd gjöld, IceWater	(11.697.354)	0
	<u>146.515.492</u>	<u>138.623.884</u>
Stjórnar- og nefndarlaun		
Stjórnarlaun	2.832.188	2.269.914
Launatengd gjöld	491.756	398.587
Bifreiðastyrkir stjórnarmanna	382.956	246.186
	<u>3.706.900</u>	<u>2.914.687</u>
Húsnæðiskostnaður		
Húsaleiga Auðhumla, Selfossi	3.935.471	3.799.284
Húsaleiga í Vestmannaeyjum	1.268.306	1.201.677
Annar húsnæðiskostnaður	42.707	91.158
	<u>5.246.484</u>	<u>5.092.119</u>
Rekstur bifreiða		
Bensín, viðhald, dekk ofl	2.014.510	2.131.445
Skattar og tryggingar	1.209.201	1.290.282
	<u>3.223.711</u>	<u>3.421.727</u>
Rekstrarkostnaður Icewater		
Laun og launatengd gjöld	3.893.818	0
Annar rekstrarkostnaður vegna verkefnisins	1.331.581	0
Gengismunur	(208.427)	0
	<u>5.016.972</u>	<u>0</u>
Annar kostnaður		
Bókhaldsþjónusta	3.288.557	2.474.262
Ráðstefnu- og ferðakostnaður	1.088.058	454.107
Póstur	127.781	130.385
Sími	326.040	281.254
Símsvörun	1.109.892	950.546
Ritföng, prentun, pappír	414.861	401.541
Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta	5.025.599	4.959.678
Áhöld og tæki	1.248.654	732.118
Auglýsingar	292.297	126.083
Rannsóknir	12.605.619	10.207.063
Sérfræðiaðstoð	3.270.163	3.238.117
Veitingar og fundakostnaður	57.020	181.188
Tryggingar	212.440	194.837
Niðurfærsla eftirlitsgjalda	(216.554)	1.180.698
Vinnuföt og annar starfsmannakostnaður	1.142.102	657.029
Annar kostnaður	359.698	369.166
	<u>30.352.227</u>	<u>26.538.072</u>

Undirritunarsíða

Framkvæmdastjóri
Sigrún Guðmundsdóttir

Formaður stjórnar
Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir

Meðstjórnandi
Oddur Árnason

Varaformaður stjórnar
Páll Tómasson

Meðstjórnandi
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Meðstjórnandi
Kjartan Þ Ólafsson

Meðstjórnandi
Örn Friðriksson

Löggiltur endurskoðandi
Ólafur Gestsson